

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 4	Sag 313 Kennsluáætlun – Haustönn 2014	

Kennari	Þorsteinn Krüger	Sk.st.	ÞOK
----------------	------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Valdir þættir úr sögu 20. aldar verða hér teknir til íhugunar og gagnrýnnar skoðunar. Einkum mannkynssaga, en þó verður líka um Ísland fjallað og aðstæður hér og hvernig atburðir í öðrum löndum höfðu áhrif á íslenskt samfélag. Þetta er ekki hefðbundin yfirlitssaga heldur verður leitast við að kafa dýpra í valið efni og það skoðað og rannsakað með margvíslegu móti. Þeir þættir sem verða megin viðfangsefni áfangans eru: Heimsvaldastefnan og orsakir fyrri heimsstyrjaldarinnar, millistríðsárin og kalda stríðið.

Markmið:

Fyrri heimsstyrjöld

Nemandinn

- kynni sér aðdraganda fyrri heimsstyrjaldar og stöðu heimsmála við upphaf hennar.
- þekki helstu einkenni styrjaldarinnar og þær breytingar sem urðu á stöðu heimsmála að henni lokinni.
- kanni áhrif styrjaldarinnar á íslenskt samfélag.

Millistríðsárin

- kanni rússnesku byltinguna með hliðsjón af hugmyndastefnum og þekki þróun Sovétríkjanna í grófum dráttum fram að seinni heimsstyrjöld.
- greini þverstæður millistríðsáranna: góðæri og kreppu, andstæðar stefnur í stjórnámum; kommúnisma, kapítalisma, nasisma.
- kynni sér Þýskaland nasismans, greini ástæður þess að nasistar tóku öll völd, þekki hugmyndafræði nasista í meginráttum.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 4	Sag 313 Kennsluáætlun – Haustönn 2014	

Kalda stríðið

- þekki atburðarás kalda stríðsins í grófum dráttum frá lokum seinni heimsstyrjaldar til hruns kommúnismans í Austur-Evrópu.
- þekki hvernig kalda stríðið hafði áhrif á Íslandi, m.a. hvernig það mótaði utanríkisstefnu landsins og á stefnu íslenskra stjórnmálaflokka.
- kanni vel einstakan atburð kalda stríðsins, svo sem byggingu Berlínarmúrsins, inngöngu Íslands í NATO, Kúbudeiluna, innrás Sovétmanna í Tékkóslóvakíu, fundinn í Höfða svo dæmi séu tekin.
- kynnist mismunandi viðhorfum til veru bandaríska hersins á Íslandi með hliðsjón af þjóðerni, stjórnmálastefnum, menningarvarðveislu og viðskiptahagsmunum.

Heimildaritgerð

- Þjálfist í fræðilegum vinnubrögðum varðandi heimildavinnu og uppsetningu ritgerðar, geti metið áreiðanleika heimilda og kunni að vísa til þeirra, beint og óbeint með ákveðnu tilvísunarkerfi.

Námsgögn:

Bækur	Sigurður Ragnarsson: <i>20. öldin. Svipmyndir frá öld andstæðna</i> . Mál og menning. Rv. 2007. Auk þess verða nemendur að kynna sér margvíslegt annað lesefni sem varðar efni áfangans.
Tímarit	Tímarit á bókasafni skólans.
Myndbönd	Heimildamyndir um sögu 20. aldar, m.a. um atburði í kalda stríðinu.
Annað	Heimildir á veraldarvefnum.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 3 af 4	Sag 313 Kennsluáætlun – Haustönn 2014	

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
35. vika	Heimsvaldastefnan og aðdragandi fyrri heimsstyrjaldar.	
36. vika	Sama	
37. - 38. vika	Sama	Ritgerðarefni kynnt
38. - 39. vika	Undirbúningur fyrirlestra. Miðað er við að nem. verði tilbúnir eða því sem næst með kynningarnar í lok þessarar viku.	Fyrirlestarefni kynnt í upphafi vikunnar
40. vika	Millistríðsárin	
41. vika	Sama	Skilaverkefni
42. vika	Sama	
43. vika	Sama	
44. vika	Nemendakynningar (Fyrirlestrar)	
45. vika	Kalda stríðið	Skila ritgerð
46. vika	Sama	
47. vika	Sama	Skilaverkefni
47. - 48. vika	Sama	
48. vika	Ísland og kalda stríðið	
49. vika	Sama, samantekt áfangans.	

Með vikunúmerum er átt við vikunúmer dagatalsins og Innu.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 4	Sag 313 Kennsluáætlun – Haustönn 2014	

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Skriflegt lokapróf í des.	50%
Ritgerð	Heimildaritgerð, 7 til 9 bls. í meginmál. Skiladagur er í mánudagur 3. nóv.	20%
Skilaverkefni	Tvö skilaverkefni, u.þ.b. 2 til 3 bls. hvort.	10%
Fyrirlestur	Tveir til þrír nemendur flytja glærustuddan fyrirlestur um valið efni.	10%
Virkni, undirbúningur og mætingar	Ath. að skila verkefnum á réttum tíma. Sjá reglur um verkefnaskil sem fylgja þessari kennsluáætlun.	10%

Moodle kennsluvefurinn verður notaður í þessum áfanga. Glærur verða aðgengilegar á vefnum sem og ýmislegt annað efni. Nemendur fá skráningarlykilorð í upphafi annar.

Lagt fram með fyrirvara um hugsanlegar breytingar og óskum um gott samstarf.

Þorsteinn Kruger (ÞOK)
kruger@vma.is

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils